

Mánudaginn 18. marz 1957.

Nr. 62/1956. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson hrl.)

gegn

Jóni Ísak Magnússyni

(Einar Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, hefur ákærði eigi fært sönnur á, hvernig hann hafi fengið smyglað áfengi, sem hann hefur selt, né sams konar áfengi, er hjá honum fannst og telja verður hann hafa ætlað til sölu. Hefur ákærði því brotið gegn 14. gr. sbr. 1. tl. 27. gr. laga nr. 33/1935, sbr. nú 17. gr. og 1. tl. 33. gr. laga nr. 58/1954.

Hinn 9. febrúar 1956 gaf héraðsdómari út framhaldsákæru í máli þessu, þar sem ákærði er sakaður um að hafa brotið gegn áfengislöggjöfinni með því að selja Leifi Guðmundi Pálssyni sjómanni vín. Ákærði hefur neitað sakburði þessum, og brast héraðsdómara því heimild til ákæru, sbr. 114. og 118. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að ómerkja þessa ákæru héraðsdómarans. Kjartan Pétursson fiskreykingamaður brautz aðfaranótt 10. desember 1954 inn í geymsluhús ákærða á Ísafirði og hafði þaðan á brott allmiklar vínbirgðir. Í sambandi við rannsókn út af þessu misferli Kjartans skýrði hann svo frá, að hann hefði dagana 14. og 15. nóvember 1954 keypt samtals 3 vínflöskur af ákærða. Óvarlegt þykir gegn neitun ákærða að leggja þessa skýrslu Kjartans til grundvallar dómi í málinu. Ber því að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði. Að öðru leyti þykir mega fallast á það með héraðsdómaranum, að ákærði sé sannur að sök um sölu áfengis í atvinnuskyni, eins og í héraðsdómi greinir, og varðar það atferli ákærða við 15. gr. sbr. 1. og 2. mgr. 33. gr. laga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. og 1. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 58/1954.

Samkvæmt greindum lagaboðum og 1. gr. laga nr. 14/1948 þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða

að öðru en því, að í stað sektar komi fangelsi 50 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku ber að staðfesta, að því er varðar 4 flöskur smyglaðs vínanda, er fundust við húsleit hjá ákærða hinn 21. desember 1952, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 33/1935 og nú 2. mgr. 33. gr. laga nr. 58/1954. Hins vegar brestur heimild í 69. gr. laga nr. 19/1940 og áfengislögum til upptöku vínfanga á vegum ákærða frá Áfengisverzlun ríkisins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00 til hvors.

Dómsorð:

Framangreind ákæra héraðsdómara á að vera ómerk.

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, sæti fangelsi 30 daga og 10.000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi fangelsi 50 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi er upptækt til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Þórólfs Ólafssonar og Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 7000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 26. marz 1956.

Ár 1956, mánudaginn 26. marz, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var fyrst 3. marz s.l., en tekið upp aftur 22. marz s.l. og síðan dómtekið aftur sama dag.

Mál þetta var af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjölum dómsmálaráðherra, dags. 27. maí 1953, 20. maí og 31. ágúst og 29.

desember 1955, og ákæruskjali dómarans, dags. 9. febrúar 1956, gegn Jóni Ísak Magnússyni smíð, til heimilis að Silfurgötu 4, Ísafirði.

Hann er í ákæruskjali, dags. 27. maí 1953, ákærður fyrir áfengissmygl og áfengissölu samkvæmt áfengislögum nr. 33/1935, 14. og 15. gr., sbr. 27. og 33. gr. Þykir ákærði hafa brotið þau laga-ákvæði með því:

1. að hafa í vörzlum sínum á heimili sínu, smíðaverkstæði og geymslum í Silfurgötu 4, er húsleit var framkvæmd á þessum stöðum 21. desember 1952, þrjár flöskur af spíritus, sem eru ekki frá Áfengisverzlun ríkisins og ákærði hefur ekki gert grein fyrir, hvaðan hann hefur fengið, svo og selja ýmsum mönnum ólöglega innfluttan spíritus.

2. að selja Jóni K. Símonarsyni, Silfurgötu 12, síðari hluta sumars 1952 og haust, í þrjú eða fjögur skipti, áfengi, $\frac{1}{2}$ flösku af spíritusblöndu í hvert sinn, svo og fyrir að selja sama manni eitt sinn í júlí 1952 fimm flöskur af áfengi og selja honum oft áfengi endranær á s.l. 2 árum.

3. að selja Gunnari Leóssyni, Bolungavík, 4. október 1952 eða um miðjan desember 1952, eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus.

4. að selja Herði Guðjónssyni, Kirkjubóli í Eyrarhreppi, um kvöldið 2. nóvember 1952 eða aðfaranótt 3. nóvember eina flösku af aqua vitae.

5. að selja Höskuldi Agnarssyni, Fjarðarstræti 18, Ísafirði, eitt sinn um miðjan desember 1952, eina flösku af aqua vitae.

6. að selja Ásmundi Jóhannessyni, Silfurgötu 12, Ísafirði, laugardaginn 20. desember 1952 eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus.

7. að selja sama dag Einari Kristjáni Ólafssyni, Tangagötu 10, Ísafirði, eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus og að kvöldi sama dags að selja sama manni aftur eina flösku af spíritus.

8. að selja sama dag Hákonni Bjarnasyni, Aðalstræti 11, Ísafirði, eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus.

Kröfur ákæruvaldsins eru þær í ákæruskjali þessu, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til upptöku þess áfengis, er fannst við húsleit á heimili hans, smíðaverkstæði og geymslum í Silfurgötu 4 21. desember 1952, samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 33/1935 og 69. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði er með framhaldsákæruskjali, dags. 20. maí 1955, ákærður fyrir ólöglega sölu áfengis samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, með því að hafa selt Kjartani Péturssyni, Hjálpræðis-

hernum, Ísafirði, tvær flöskur af áfengi (whisky) hinn 14. nóvember 1954 og eina flösku af áfengi (cognac) hinn 15. sama mánaðar. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með framhaldsákæruskjali, dags. 31. ágúst 1955, er ákærði kærður fyrir ólöglega sölu áfengis samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Þykir ákærði hafa brotið þau lagaákvæði með því:

1. að hafa nokkrum sinnum haustið og fyrri hluta vetrar 1952 selt Karli Adolfssyni sjómanni, Ísafirði, áfengi.

2. að hafa í desembermánuði 1953, rétt fyrir jólin, selt Hilmari Arnórssyni, Smiðjugötu 1, Ísafirði, eina flösku af aqua vitae.

3. að hafa hinn 23. desember 1952 selt Garðari Jónssyni, Sól-götu 8, Ísafirði, og nokkrum mönnum með honum 3 flöskur af pólskum spíritus, en af flöskum þessum keypti Garðar eina.

Í ákæruskjali þessu er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935.

Þá er þess krafizt í öllum ákæruskjölunum, að ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Með framhaldsákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 29. desember 1955, framhaldsákærast ákærði með tilvísun til 69. gr., 1. mgr., hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. áfengislög nr. 58/1954, 19. gr. og 42. gr. i. f., til þess að þola upptöku áfengis, er fundizt hefur við húsleit hjá ákærða 10. desember 1954 eða komið úr vörzlu hans með öðrum hætti.

Með framhaldsákæruskjali dómarans, dags. 9. febrúar 1956, ákærast ákærði fyrir ólöglega sölu áfengis samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935, með því að selja Leifi Guðmundi Pálssyni sjómanni, Hnífsdal, áfengi. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingum samkvæmt 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, og greiði allan sakarkostnað.

Ákærði er fæddur 12. nóvember 1899 á Ísafirði.

Hann hefur sætt þessum refsingum:

1926 14/6 150 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 15/1925 samkvæmt sætt. Smyglun áfengis.

1927 9/11 400 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn lögum nr. 15/1925 samkvæmt dómi lögregluréttar. Smyglun áfengis.

Í máli þessu var kveðinn upp dómur í sakadómi Ísafjarðar 28. desember 1953. Var þeim dómi áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi

Hæstaréttar 19. nóvember 1954 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Síðan hefur farið fram framhaldsrannsókn í málinu og sakadómsmál nr. 48/1954 verið sameinað málinu. Fjögur ákæruskjöl hafa verið gefin út til viðbótar, dags. 20. maí, 31. ágúst og 29. desember 1955 og 9. febrúar 1956, og hefur efni þeirra verið rakið.

Málavextir eru þessir:

Hinn 21. desember 1952 fór fram samkvæmt úrskurði dómars leit að smygluðu og öðru ólöglegu áfengi í húsakynnum ákærða, Jóns Ísaks Magnússonar, í Silfurgötu 4 og í Soffiubúð við Silfurtorg, vegna gruns, sem á honum lá um sölu áfengis.

Við leitina, sem lögregluþjónarnir og tollvörðurinn á Ísafirði framkvæmdu undir stjórn fulltrúa bæjarfógeta, fannst þetta áfengi:

Í íbúð ákærða: 1 flaska af ákavíti og 1 flaska af gin

Í kjallara: 1 flaska af pólskum spíritus

Í vinnustofu undir gólfi: 2 flöskur af pólskum spíritus, 3 flöskur af ákavíti og 3 flöskur af brennivíni

Í herbergi fram af vinnustofu 2 $\frac{1}{3}$ flaska af brennivíni, 2 flöskur af ákavíti og 1 ákavítisflaska með spíritus.

Einnig fundust þar 2 tómar flöskur undan pólskum spíritus og 14 tómar flöskur undan dönskum bjór. Þannig fundust alls 16 $\frac{1}{3}$ flaska af áfengi, þar af 4 flöskur með pólskum spíritus, en 12 $\frac{1}{3}$ flaska af áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins. Í Soffiubúð fannst ekkert áfengi.

Þann 10. desember 1954 fór fram samkvæmt úrskurði dómars leit að áfengi í húsakynnum ákærða að Silfurgötu 4 og Soffiubúð vegna gruns um, að hann seldi áfengi. Við leitina, sem lögregluþjónar og tollvörðurinn á Ísafirði framkvæmdu undir stjórn fulltrúa bæjarfógeta, fannst þetta áfengi:

Í geymsluherbergi inn af verkstæði ákærða í Silfurgötu 4
22 flöskur af gini, 19 flöskur af ákavíti, 2 flöskur af koníaki,
12 flöskur af ákavíti í Soffiubúð og 12 flöskur af koníaki í
Soffiubúð.

Alls fundust 67 flöskur, og voru þær allar merktar Áfengisverzlun ríkisins.

Þenna sama morgun afhenti maður nokkur, Kjartan Pétursson að nafni, þá til heimilis Hjálpræðishernum, 53 áfengisflöskur, 36 flöskur af ákavíti og 17 flöskur af gin, sem hann kvaðst hafa tekið nóttina áður frá ákærða úr Soffiubúð. Hann skýrði frá því, að meðan áfengið var í hans vörzlu, hafi verulegum hluta af því, sem hann tók, verið stolið frá sér. Síðar sama dag viðurkenndu tveir

menn að hafa tekið áfengi þetta frá Kjartani. Fannst það áfengi sama kvöldið og reyndist vera 21 flaska af ákavíti og 2 af sherry. Annar þessara manna viðurkenndi, að hann hefði drukkið þenna sama dag úr tveimur sherryflöskum, sem hann tók frá Kjartani.

Það kom í ljós þenna dag, að í vörzlu ákærða höfðu verið 143 flöskur af áfengi.

Ákærði hafi þenna sama morgun kært fyrir dómaranum innbrot í Soffiubúð og þjófnað á áfengi.

Ákærði hefur stöðugt neitað því að hafa selt áfengi og haldið því fram, að áfengisverzlunarvín það, sem fannst við húsleitina hjá honum 21. desember 1952, hafi hann keypt til eigin neyzlu. En þá grein hefur hann gert fyrir smyglaða áfenginu, að ýmsir menn af botnvörpununum Sólborg og Ísborg frá Ísafirði hafi fært honum að gjöf flöskur þær, sem hjá honum fundust. Komu þeir til hans og veittu honum vín, en skildu eftir heilar og hálfar flöskur og slatta í flöskum. Sama kvað hann gilda um tómu flöskurnar undan dönskum bjór, sem fundust við húsleitina. Ákærði kveðst ekki muna, hverjir gáfu honum vínið, en þeir hafi verið margir.

Ákærði hefur gert þá grein fyrir áfenginu, sem fannst hjá honum við húsleitina 10. desember 1954 og tekið var úr Soffiubúð nóttina áður, að hann hafi sjálfur átt allt áfengið, er fannst í Silfurgötu 4, og sherryflöskur í Soffiubúð. Hitt áfengið í Soffiubúð, alls 74 flöskur, kvaðst hann hafa geymt fyrir þá Magnús Eiríksson og Ellert Eiríksson, Ísafirði. Menn þessir hafa lýst yfir því fyrir sakadóminum, að þeir hafi beðið ákærða að geyma fyrir þá 60 flöskur af ákavíti, sem þeir og Magnús P. Helgason hafi átt. Hefur Magnús staðfest þá frásögn fyrir dóminum. Þessir þrír menn hafa staðfest framburð sinn með eiði. Verður því að telja sannað, að þeir hafi ekki átt meira áfengi í vörzlum ákærða. Hitt hafi verið eign hans.

Í málinu hafa verið leidd allmörg vitni, og hafa mörg þeirra haldið því fram, að ákærði hafi selt þeim og öðrum áfengi.

Skulu nú raktir framburðir vitna í málinu:

Vitnið Höskuldur Agnarsson kvaðst 20. desember 1952 hafa keypt af ákærða eina flösku af pólskum spíritus fyrir 300 krónur ásamt Hákon Bjarnasyni. Hákon fór inn til ákærða, en vitnið beið utan við næsta hús á meðan. Viku áður fór vitnið til ákærða og keypti af honum eina flösku af ákavíti fyrir 125 krónur. Var vitnið þá einn, og fór afhendingin fram í verkstæði ákærða. Vitnið hefur borið það, að hann vissi til þess, að Pétur Blöndal Snæbjörnsson keypti eina flösku af pólskum spíritus af ákærða 20.

desember 1952 fyrir 300 krónur og hafi Finnbirni (Bjössa) Finnbjörnssyni verið kunnugt um það. Þá sagði vitnið, að Gabríel Syre hafi keypt spíritus af ákærða. Vitnið sagði í réttarhaldi 21. desember 1952, að ýmsir menn hefðu á undanförnum árum keypt fyrir hann áfengi hjá ákærða, t. d. Guðbrandur Kristinsson, Bjarni Ásgeirsson, Gabríel Syre o. fl., og hafi brennivínsflaskan kostað 120 krónur og meira af dýrari tegundunum. Vitnið vissi til þess, að Leifur Pálsson keypti 6 flöskur af spíritus af ákærða þá fyrir nokkrum dögum. Einnig keypti Garðar Jónsson spíritus af ákærða. Vitnið kveðst vita, að Guðmundur Sigurðsson járnsmiður og Friðrik Bjarnason hafi þá undanfarið keypt vín af ákærða. Vitnið skýrði frá því, að Jón Þorleifsson, matsveinn á b/v Gylli frá Flateyri, hafi sagt sér, að skipverjar á togaranum hafi þá fyrir tíu eða tólf dögum keypt af ákærða 8 flöskur af brennivíni og ákavíti. Kvaðst vitnið hafa séð kassana, er áfengið var í. Þá kvaðst vitnið vita til þess, að Hermann Guðmundsson og Ásmundur Jóhannesson hafi þá daginn áður keypt spíritus af ákærða. Vitnið hefur unnið eið að framburði sínum.

Allir þessir menn hafa borið vætti fyrir sakadóminum nema Jón Þorleifsson, sem ekki hefur fundizt þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan dómars.

Vitnin Pétur Blöndal Snæbjörnsson, Finnbogi Finnbjörnsson, Bjarni Ásgeirsson, Gabríel Syre, Guðmundur J. Sigurðsson, Friðrik Bjarnason og Guðbrandur Kristinsson hafa skýrt frá því, að þeir hafi aldrei keypt áfengi af ákærða, hvorki fyrir sig né aðra. Þann framburð hafa þeir staðfest með eiði og drengskaparheiti.

Vitnið Leifur Guðmundur Pálsson hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt vín af ákærða, en ekki gat hann gert grein fyrir, hve mikið magn hann hefði keypt eða hvenær þau kaup hefðu farið fram. Hann kveðst aldrei hafa keypt spíritus af ákærða. Hann mundi ekki, hvort hann keypti vín af ákærða fyrir 23. desember 1952, en eftir þann tíma keypti hann eitthvað vín af honum. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Hákon Bjarnason kvaðst 20. desember 1952 hafa ásamt Höskuldi Agnarssyni keypt 1 flösku af pólskum spíritus af ákærða fyrir 300 krónur. Seldi ákærði vitninu flöskuna í vinnustofunni. Höskuldur vissi, þegar vitnið fór inn til ákærða. Vitnið kvaðst áður hafa keypt áfengisverzlunarvín af ákærða.

Vitnið Ásmundur Jóhannesson kvaðst 20. desember 1952 hafa ásamt Hermann Guðmundssyni keypt eina flösku af spíritus hjá ákærða og greitt fyrir hana kr. 300.00, sem Hermann lagði til.

Vitnið Hermann Guðmundsson skýrði frá því, að 20. desember

1952 hefði Ásmundur Jóhannesson keypt fyrir hann 1 flösku af erlendum spíritus hjá ákærða fyrir 300 krónur. Sá vitnið Ásmund fara inn í vinnustofu ákærða og koma þaðan út aftur með flöskuna.

Hákon, Ásmundur og Hermann hafa staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Garðar Jónsson hefur skýrt frá því, að hann hafi 23. desember 1952 keypt ásamt fleiri mönnum 3 flöskur af pólskum spíritus af ákærða. Keyptu þeir vínið hver í sínu lagi. Í önnur skipti kvaðst vitnið ekki hafa keypt áfengi af ákærða. Vitnið hefur unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Pétur Haraldsson skýrði frá því, að laugardagskvöldið 4. október 1952 hafi hann verið á gangi í Silfurgötu ásamt Þorsteini Jónssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Var það um kl. 11 að kvöldi. Sá vitnið og þeir félagar mann nokkurn fara inn til ákærða. Kom þeim þá saman um að njósna um brennivínssölu ákærða og stönguðu við gluggann á vinnustofu hans. Eftir örstutta stund sáu þeir manninn, sem inn hafði farið, koma út, og sýndist þeim hann vera með áfengisflösku í jakkavasanum. Nokkru síðar fór annar maður, Gunnar að nafni, úr Bolungavík, inn til ákærða. Þegar hann kom út aftur, sagði hann þeim félögum, að hann hefði keypt brennivínslösku af ákærða. Sagði hann þeim, að gin kostaði hjá ákærða 160 krónur. Síðan fóru þeir menn, hver eftir annan inn til ákærða. Þegar þeir komu út aftur, taldi vitnið og félagar hans, að tveir þeirra hefðu verið með áfengisflösku, sem þeir voru ekki með, þegar þeir fóru inn, enda sýndi einn þeirra þeim brennivínslöskuna, sem hann kvaðst hafa keypt af ákærða. Menn þessir voru: Friðrik Bjarnason, Garðar Jónsson og Jón Kr. Símonarson. Þá kvaðst vitnið fyrir rúmu ári hafa hitt á götunni Gísla Guðmundsson frá Súgandafirði, og var hann ölvaður. Bað Gísli vitnið að koma með sér til ákærða til að kaupa vín af honum. Gerði vitnið það og beið fyrir utan, meðan Gísli fór inn til ákærða. Þegar Gísli kom út aftur, var hann með tvær brennivínslöskur, sem hann sagði vitninu, að hann hefði fengið hjá ákærða. Vitnið kvaðst margoft hafa heyrt um það talað, að ákærði gerði mikið að því að selja áfengi.

Vitnið Þorsteinn Jónsson var þann 4. október 1952 staddur á Silfurgötu með þeim Pétri Haraldssyni og Jóni Snorra Bjarnasyni. Sá þeir 5 menn fara inn til ákærða, og komu þeir út aftur eftir stutta viðdvöl. Tveir þeirra, Garðar Jónsson, og maður, að nafni Gunnar, úr Bolungavík, sýndu vitninu vínlöskur, þegar þeir komu út aftur, og sögðust hafa keypt þær af ákærða. Vitnið

skýrði frá því, að hann vissi til þess, að Jón Símonarson hafi keypt flösku af gini af ákærða vorið 1952 fyrir Pétur Ingvarsson. Vitnið var hjá Péttri, er hann kom með flöskuna, og sá hana. Vitnið sagði, að Jón Símonarson hefði sagt sér, að hann hefði oft keypt vín af ákærða. Þá kvaðst vitnið vita til þess, að Hólmborg Arason hafi keypt 3 flöskur af brennivíni hjá ákærða, og kvaðst vitnið hafa séð flöskurnar. Kostaði hver flaska 120 krónur. Vitnið Jón Snorri Bjarnason var 4. október 1952 staddur á Silfurgötu með Péttri Haraldssyni og Þorsteini Jónssyni. Stönguðu þeir við vinnustofu ákærða til að forvitnast um, hverjir færu til hans. Var þeim kunnugt um, að það orð lá á, að ákærði seldi mönnum áfengi. Skýrði vitnið frá, að þeir hefðu staðið um 8 mínútur við vinnustofuna og hefðu á þeim tíma 5 menn farið inn til ákærða. Einn þeirra stanzaði hjá vitninu og félögum hans, þegar hann kom út aftur, og dró hann ekki dul á, að hann hefði keypt brennivínsflösku af ákærða.

Vitnin Pétur Haraldsson, Þorsteinn Jónsson og Jón Snorri Bjarnason hafa unnið eið að framburði sínum.

Frá vitnisburði Friðriks Bjarnasonar og Garðars Jónssonar hefur áður verið skýrt. Hefur Garðar í vætti sínu, sem hann hefur staðfest með eiði, neitað því, að hann hafi komið í Silfurgötu þetta kvöld.

Vitnið Gísli Guðmundsson skýrði frá því, að hann hefði aldrei keypt vín af ákærða. Hann kvaðst eitt sinn á gamlárskvöld hafa fengið lánaða flösku hjá ákærða með því skilyrði, að hann léti ákærða fá sams konar flösku aftur, og hefði hann gert það. Vitnið muni ekki eftir því atviki, sem vitnið Pétur Haraldsson skýrði frá, en kvaðst fara þungt í það, þegar hann smakki vín, og ekki muna oft og einatt, hvað þá beri við.

Vitnið Hólmborg Arason sagði, að hann myndi ekki eftir því, að hann hefði nokkru sinni keypt vín af ákærða. Hann lýsti yfir, að hann hafi nokkrum sinnum, þegar hann hafi verið undir áhrifum áfengis, gleymt athöfnum sínum og þá m. a. því, hvar hann hafi náð sér í áfengi.

Vitnið Pétur Ingvarsson hefur haldið því fram, að Jón Símonarson hafi aldrei keypt fyrir hann áfengi.

Þrjú síðasttaln vitni hafa staðfest vætti sitt með eiði.

Vitnið Jón Kristján Símonarson kvaðst í 3 eða 4 skipti hafa keypt pólskan spíritus af ákærða. Salan fór ætíð fram í vinnustofu ákærða, og var venjulega um hálfflöskur að ræða. Verðið á flöskunum var 120 krónur, og var spíritusinn blandaður. Í eitt skiptið var áfengið á heilflösku undan pólskum spíritus. Þessi

áfengis kaup vitnisins fóru fram um sumarið og haustið 1952. Í sakadómi 9. marz 1953 lýsti vitnið yfir því, að hann hefði á s.l. tveimur árum oft keypt vín af ákærða, brennivín, ákavíti og einu sinni gin. Hafi afhendingin alltaf farið fram í vinnustofu ákærða. Brennivínið hafi kostað 120 krónur og ákavítið verið 5 krónum dýrara, og ginið 150 krónur. Í eitt skipti í júlímánuði 1952 kvaðst vitnið hafa keypt af ákærða 5 áfengisflöskur í einu, 4 flöskur af brennivíni og ákavíti og eina af gini.

Tveir menn úr Bolungavík, Ágúst Ólafsson og annar, sem vitnið þekkti ekki, voru í félagi með vitninu um þessi kaup, og neyttu þeir þess í Súgandafirði á dansleik sama dag. Þá skýrði vitnið frá því, að hann vissi til þess, að Karl Adolfsson hafi oft keypt áfengi af ákærða og einnig Höskuldur Agnarsson. Í eitt skipti var Karl Adolfsson með vitninu inni á verkstæði ákærða og sá, er hann afhenti vitninu áfengi, og keypti Karl þá einnig áfengi af ákærða.

Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Gunnar Leósson, Bolungavík, kvaðst hafa 4. október 1952 keypt eina flösku af spíritus hjá ákærða. Greiddi hann 280 krónur fyrir flöskuna, en átti að greiða 20 krónur síðar. Kaupin fóru fram í vinnustofu ákærða. Jón Valgeir Guðmundsson og Reinald Antonsson, Bolungavík, voru í félagi um kaup þessi með vitninu. Vitnið fór einn inn til ákærða. Þegar hann ætlaði að greiða ákærða þessar 20 krónur, sem eftir stóðu, var hann kominn í geymslu sína við Silfurtorg eða Soffiubúð. Virtist vitninu þar vera stöðugur straumur manna, sem áttu erindi við ákærða, og gafst hann upp á að greiða honum upphæðina, og hurfu þeir félagar á brott. Meðal þeirra, sem fóru á fund ákærða þá, var Karl Adolfsson. Þá kvaðst vitnið vita til þess, að Einar, sonur bræðslumannsins á b/v Ísborg, hafi þenna sama dag keypt 2 flöskur af spíritus hjá ákærða. Vitnið lýsti því yfir, að hann hafi fáeinum sinnum áður keypt brennivín af ákærða.

Vitnið Jón Valgeir Guðmundsson sagðist hafa tekið þátt í vínkaupunum hjá ákærða með Gunnari Leóssyni og Reinald Antonsyni. Mundi vitnið, að það hefði verið laugardaginn 13. desember 1952. Fór Gunnar Leósson inn á verkstæði ákærða og kom þaðan út með eina flösku af spíritus, en Gunnar hafði ekkert áfengi, er hann fór inn.

Vitnið kvaðst í eitt eða tvö skipti haustið 1952 hafa tekið þátt í kaupum á áfengi, sem hann taldi, að hefði verið keypt hjá ákærða, en vitnið mundi ekki, hverjir gerðu kaupin.

Vitnið Reinald Sævar Antonsson kvaðst hafa lagt peninga í að kaupa áfengi hjá ákærða með þeim Gunnari Leóssyni og Jóni

Valgeir Guðmundssyni. Taldi vitnið, að þetta hefði verið viku eða tíu dögum fyrir síðustu jól. Keypti Gunnar flöskuna, sem var þriggja þela flaska af spíritus. Vitnið var ekki viðstatt, er kaupin gerðust.

Vitnin Gunnar Leósson, Jón Valgeir Guðmundsson og Reinald Sævar Antonsson hafa allir unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Karl Adolfsson skýrði frá því, að hann hefði um haustið eða fyrri part vetrar 1952 oftast en einu sinni keypt áfengi af ákærða. Vitnið mundi ekki verðið á áfenginu, en sagði, að það hefði verið eitthvað hærra en áfengisverð var þá. Vitnið kvaðst einu sinni hafa verið í félagi með Jóni Simonarsyni um áfengis-kaup, en vitnið mundi ekki nánar frá því atviki. Framburður vitnisins var staðfestur með eiði.

Vitnið Einar Kristján Ólafsson kvaðst 20. desember 1952 hafa keypt af ákærða tvær flöskur af spíritusi á 300 krónur hvora. Aðra keypti hann kl. 17 þann sama dag, en hina kl. 23, og fór afhendingin fram í Soffiubúð. Var Gunnar Líkafrónsson í félagi við hann um kaupin. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærði gerði mikið að því að selja áfengi. Vitnið hefur ekki unnið eið að framburði sínum. Hann drukknaði 28. október 1953.

Vitnið Gunnar Einar Líkafrónsson sagðist hafa verið í félagi með Einari K. Ólafssyni, er hann keypti tvær flöskur af pólskum spíritus af ákærða 20. desember 1952. Einar K. Ólafsson fór til ákærða og sótti flöskurnar. Þá kvaðst vitnið áður um haustið hafa keypt brennivín af ákærða í félagi við Hilmar Arnórsson, og kostaði flaskan 120 krónur. Hilmar fór og keypti flöskuna. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærði seldi mikið af áfengi. Vitnið staðfesti vætti sitt með eiði.

Vitnið Hilmar Arnórsson hefur lýst yfir því, að hann hafi rétt fyrir jólin 1953 keypt eina flösku af ákavíti af ákærða á 120 krónur. Vitnið neitaði því hins vegar að hafa nokkru sinni keypt áfengi af ákærða í félagi við Gunnar Líkafrónsson. Vitnið staðfesti framburð sinn með eiði.

Vitnið Hörður Guðjónsson kvaðst eftir dansleik í Alpýðuhúsinu á Ísafirði 2. nóvember 1952 hafa hitt þá Halldór Sveinbjörns-son og Gabríel Syre í Hafnarstræti. Kom þeim saman um að kaupa eina flösku af áfengi. Fór vitnið til ákærða og keypti eina flösku af honum á 125 krónur. Vitnið staðfesti þenna framburð sinn með eiði.

Vitnið Kjartan Pétursson hefur borið, að hann hafi í þrjú skipti keypt áfengi af ákærða. Í fyrsta skipti 14. nóvember 1954, er hann keypti eina flösku af whisky á 200 krónur. Síðari hluta sama dags

keypti vitnið aftur eina flösku af whisky fyrir sama verð. Flöskurnar afhenti ákærði í herbergi inn af vinnustofu sinni. Næsta dag, 15. nóvember, keypti vitnið eina flösku af koníaki fyrir 200 krónur. Þá flösku afhenti ákærði í Soffíubúð. Vitnið staðfesti framburð sinn með eiði.

Skal nú greint, hvert refsivert atferli telst sannað á ákærða og við hver lagaákvæði varði.

Verða ákæruatriðin rakin hvert fyrir sig í sömu röð og hér að framan.

1. Í málinu er sannað, að ákærði hafði í vörzlum sínum, þegar húsleitinn fór fram 21. desember 1952, smyglað áfengi, 4 flöskur af spíritus, sem hann hefur ekki gert sennilega grein fyrir, hvernig hann hefur eignast. Enn fremur hefur sannast í málinu, að ákærði hefur selt ýmsum mönnum smyglað áfengi, samtals allt að 10 flöskur.

Hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 14. gr. sbr. 27. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú áfengislög nr. 58/1954, 17. gr.

2. Vitnið Jón Kr. Símonarson hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt áfengi hjá ákærða, bæði pólskan spíritus og vín frá Áfengisverzlun ríkisins. Kaupin fóru ávallt fram í vinnustofu ákærða. Eitt sinn var vitnið Karl Adolfsson viðstaddur, er kaupin gerðust. Hefur Karl jatað að hafa keypt vín af ákærða og hafi hann eitt sinn verið í félagi við Jón Kr. Símonarson um kaup á víni hjá honum. Annars kvaðst Karl ekki muna eftir þessu atviki.

Það er upplýst í málinu, að ákærði átti 21. desember 1952 í vörzlum sínum pólskan spíritus og einnig allmikið af áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins.

Við húsleit 10. desember 1954 kom í ljós, að í vörzlum ákærða voru um það leyti 143 flöskur af áfengi. Þótt aðrir ættu eitthvað af áfengi þessu, verður að telja, að áfengismagn þetta í eigu og vörzlu ákærða hafi verið óeðlilega mikið. Hann hefur ekki gert aðra grein fyrir áfengiskaupum þessum en að hann neyti þess sjálfur og aðrir ættu hluta þess, og raunar meira en þeir hafa viljað við kannast. Mörg vitni skýra frá orðrómi um áfengissölu ákærða.

Vitnin Pétur Haraldsson, Þorsteinn Jónsson og Jón Snorri Bjarnason skýrðu frá því, að þeir hafi verið staddir laugardagskvöldið 4. október 1952, um kl. 23, fyrir utan vinnustofu ákærða. Sáu þeir nokkra menn fara inn til ákærða og koma þaðan eftir stutta viðdvöl, og töldu vitnin, að þeir hefðu verið að kaupa áfengi af ákærða.

Vitnið Gunnar Leósson kvaðst hafa keypt um kl. 12 á miðnætti

4. október 1952 eina flösku af spíritus af ákærða í vinnustofu hans. Litlu síðar sömu nótt ætlaði vitnið aftur að hitta ákærða, og var hann þá í vörugeymslu sinni í Soffiubúð. Virtist vitninu þá vera stöðugur straumur manna til ákærða, og áttu þeir eitthvert erindi við hann. Hefur ákærði ekki gefið sennilega skýringu á því, hvers vegna hann dveldi í vinnustofu sinni á þessum tíma sólarhrings, og hvaða erindi menn ættu við hann á þeim tíma.

Þegar þessar staðreyndir eru virtar, hið óeðlilega áfengismagn í vörzlum ákærða, dvöl hans í vinnustofu seint um kvöld eða að nóttu og heimsóknir ýmissa manna til hans á þeim tíma, verður að telja sannað, þrátt fyrir neitun hans, með eiðfestum framburði vitnanna Karls Adolfssonar og Jóns Kr. Símonarsonar, að ákærði hafi selt Jóni síðari hluta sumars 1952 og um haustið í þrjú eða fjögur skipti áfengi, hálfa flösku af spíritusblöndu í hvert sinn, og í júlímánuði sama ár að hafa selt sama manni fimm flöskur af áfengi og að hafa selt honum áfengi oftár á árunum 1952 og 1953. Hefur ákærði með þessu atferli gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú áfengislög nr. 58/1954, 18. gr.

3. Vitnin Gunnar Leósson, Jón Valgeir Guðmundsson og Reinald Sævar Antonsson sögðust hafa í sameiningu keypt af ákærða eina flösku af spíritus. Fór Gunnar inn til ákærða og keypti flöskuna. Taldi hann þetta hafa gerzt 4. október 1952, en hinir um miðjan desember 1952. Þrátt fyrir þetta ósamræmi í framburði vitna þessara um það, hvenær kaupin hafi farið fram, og neitun ákærða þykir sannað með eiðfestum framburði þessara þriggja vitna og með öðrum atvikum um áfengissölu ákærða, að hann hafi selt Gunnari Leóssyni 4. október 1952 eða um miðjan desember það ár eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus. Með því hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

4. Vitnið Hörður Guðjónsson kvaðst hafa í félagi við vitnin Halldór Sveinbjörnsson og Gabríel Syre keypt eina flösku af ákavíti af ákærða 2. nóvember 1952. Hafa þeir Halldór og Gabríel ekki viljað við þetta kannast og minnast ekki þessa atviks. Verður því gegn neitun ákærða ekki talið sannað, að hann hafi selt Herði áfengi að kvöldi 2. nóvember 1952, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði.

5. Vitnið Höskuldur Agnarsson kvaðst hafa um miðjan desember 1952 keypt eina flösku af ákavíti af ákærða í vinnustofu hans. Hefur vitnið bent á 11 menn, sem hann kvaðst hafa vitað til, að keypt hefðu vín af ákærða. Hafa 7 þessara vitna ekki viljað kannast við að hafa keypt áfengi af ákærða og unnið eið að þeim

framburði. Þrjú þessara vitna kvaðust hafa keypt vín af ákærða, en eitt hefur ekki fundizt. Þrátt fyrir neitun ákærða að hafa selt Höskuldi eina ákavítisflösku um miðjan desember 1952, verður eftir atvikum að telja sannað, að þessi kaup hafi gerzt. Það atferli ákærða varðar við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

6. Vitnið Ásmundur Jóhannesson kvaðst hafa keypt eina flösku af spíritus hjá ákærða 20. desember 1952. Vitnið Hermann Guðmundsson, sem var í félagi við Ásmund um kaupin og lagði til féð, sá hann fara inn í vinnustofu ákærða og koma þaðan út aftur með flöskuna.

Með samhljóða eiðfestum framburði þessara vitna, svo og öðrum líkum fyrir áfengissölu ákærða, svo sem rakið er að framan, er sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi selt Ásmundi Jóhannessyni 20. desember 1952 eina flösku af spíritus. Með því atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

7. Vitnið Einar Kristján Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði 20. desember 1952 keypt tvær flöskur af spíritus af ákærða. Aðra flöskuna keypti hann kl. 17, en hina kl. 23. Í félagi um kaupin var vitnið Gunnar Líkafrónsson. Einar fór einn inn til ákærða, en Gunnar beið fyrir utan á meðan. Framburður Einars hefur ekki verið staðfestur, en Gunnar hefur staðfest framburð sinn með eiði. Með samhljóða framburði þessara vitna og líkum, sem fram hafa komið um áfengissölu ákærða, verður að telja sannað, að hann hafi þann 20. desember 1952 selt Einari Kristjáni Ólafssyni tvær flöskur af ólöglega innfluttum spíritus. Með því atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

8. Vitnin Hákon Bjarnason og Höskuldur Agnarsson hafa borið, að þeir hafi keypt 20. desember 1952 eina flösku af pólskum spíritus af ákærða. Hákon fór inn til ákærða og keypti flöskuna. Með samhljóða, eiðfestum vitnisburði þessara vitna og framkomnum líkum fyrir áfengissölu ákærða er sannað, að ákærði hefur þann 20. desember 1952 selt Hákonu Bjarnasyni eina flösku af ólöglega innfluttum spíritus. Með því hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

9. Vitnið Kjartan Pétursson kvaðst hafa keypt tvær flöskur af whisky af ákærða hinn 14. nóvember 1954 og eina flösku af koníaki 15. sama mánaðar. Af hálfu ákærða hefur vitnisburði þessa manns sérstaklega verið mótmælt, sökum þess að hann

bæri persónulega óvild til ákærða. Engar líkur hefur hann þó fært fyrir því, að svo væri. Verður að telja sannað með eiðfestum framburði Kjartans og öðrum atvikum, að ákærði hafi selt honum áfengi í þessi skipti. Með því hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

10. Vitnið Karl Adolfsson kvaðst nokkrum sinnum haustið eða fyrri hluta vetrar 1952 hafa keypt áfengi af ákærða. Hann var einn, er þessi kaup gerðust, nema í eitt skipti, er hann var í félagi við Jón Kr. Símonarson um kaupin. Vitnisburður Jóns er samhljóða, og kvaðst hann einu sinni hafa séð ákærða selja Karli áfengi. Verður því að telja sannað með samhljóða, eiðfestum framburði þessara vitna og líkum, er fram hafa komið um áfengissölu ákærða, að hann hafi nokkrum sinnum haustið og fyrri hluta vetrar 1952 selt Karli Adolfssyni áfengi. Hefur ákærði gerzt með því brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

11. Vitnið Hilmar Arnórsson kvaðst hafa keypt af ákærða rétt fyrir jólin 1953 eina flösku af ákavíti. Var hann einn um þessi kaup. Með tilliti til annarra atvika í málinu verður að telja sannað, að þessi sala hafi farið fram. Með þessu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

12. Vitnið Garðar Jónsson kvaðst hafa keypt 23. desember 1952 af ákærða ásamt nokkrum mönnum þrjár flöskur af pólskum spíritus. Keyptu þeir áfengið hver í sínu lagi, og keypti Garðar eina flösku. Vitnið Höskuldur Agnarsson kvaðst vita til, að Garðar hefði keypt áfengi af ákærða. Vitnið Pétur Haraldsson hefur skýrt frá því, að hann hafi séð Garðar Jónsson fara inn til ákærða um kl. 23 4. október 1952 og koma síðan út aftur, og sýndi hann Pétri brennivínsflösku, sem hann sagðist hafa keypt af ákærða. Samhljóða þessu er framburður vitnanna Þorsteins Jónssonar og Jóns Snorra Bjarnasonar, er voru með Pétri Haraldssyni, en Jón Snorri gat þess ekki, að Garðar hefði sýnt þeim flöskuna. Garðar sagðist hins vegar ekki hafa keypt áfengi í önnur skipti og ekki hafa komið til ákærða í Silfurgötu 4 4. október, þrátt fyrir andstæðan vitnisburð þessara þriggja vitna, sem er eiðfestur og samhljóða.

Verður að telja nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi selt Garðari Jónssyni og tveimur öðrum mönnum þrjár flöskur af pólskum spíritus 23. desember 1952. Styðja þessa niðurstöðu önnur atvik málsins. Önnur sala á áfengi til Garðars telst ekki nægilega sönnuð. Með þessu atferli hefur ákærði gerzt

brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 18. gr. laga nr. 58/1954.

13. Vitnið Leifur Guðmundur Pálsson sagðist hafa keypt áfengi af ákærða, en kvaðst ekki geta skýrt frá því, hvenær þau kaup hefðu farið fram eða hve oft eða hve mikið magn hann hefði keypt. Verður að telja nægilega sannað með framburði vitnisins og öðrum atvikum, að ákærði hafi selt Leifi áfengi. Með því atferli hefur hann gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. nú 18. gr. laga nr. 58/1954.

Telja verður sannað, að ákærði hafi gert sér að atvinnu sölu áfengis. Þá verður að telja sannað, að þeir Magnús Eiríksson, Magnús Þ. Helgason og Ellert Eiríksson hafi átt í vörzlum ákærða 60 flöskur af áfengi. Það áfengi ber að afhenda þeim.

Ákærði setti fram í málinu þær kröfur, að þeir, sem sannir reyndust að því að hafa farið inn í Soffiubúð og að þjófnaði á áfengi frá honum, yrðu dæmdir til að greiða honum eða eigendum hins stolna áfengis fullar bætur og ákærða 5000 króna bætur fyrir skemmdir á húsi hans og miskabætur. Þá krafðist hann þess, að allir hinir seku yrðu dæmdir til refsingar fyrir innbrotið og þjófnaðinn lögum samkvæmt. Mál þeirra manna, sem hér um ræðir, hafa verið tekin til úrlausnar sérstaklega. Bótakröfum sínum verður ákærði sjálfur að beina gegn þeim. Kröfum ákærða er því vísað frá dómi.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 27. og 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. lög nr. 58/1954, hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga og 10.000 króna sekt til menningarsjóðs, þar með talið lítragjald, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Áfengi það, sem fannst við húsleitirnar hjá ákærða og leit í Ásúlfi og hann átti sjálfur, eða samtals 99½ flaska með áfengi, skal gert upptækt og verða eign ríkissjóðs.

Þá greiði ákærði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar, er þykja hæfilega ákveðin 1500 krónur.

Dráttur sá, sem orðið hefur á málinu, stafar aðallega af því, hve erfitt hefur verið að ná til vitna, sem stundað hafa sjómennsku víðsvegar á landinu.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, sæti fangelsi í 30 daga og og greiði 10.000.00 króna sekt til menningarsjóðs. Verði sekt-

in ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins, komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar.

Áfengi það, sem fannst við húsleitir hjá ákærða og við leit í m/s Ásúlfi og var eign ákærða, alls 99 $\frac{1}{2}$ flaska með áfengi, skal gert upptækt og verða eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar, 1500 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marz 1957.

Nr. 1/1957. **Ákærvaldið**

(Þórólfur Ólafsson hrl.)

gegn

Jóni Ísak Magnússyni

(Einar Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vörzlur áfengis frá Áfengisverzlun ríkisins eigi taldar varða við lög.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur eigi brotið gegn neinu ákvæði í lögum með því að hafa í vörzlum sínum vínföng þau frá Áfengisverzlun ríkisins, er í héraðsdómi greinir. Engin heimild er í lögum til að gera áfengi þetta upptækt til ríkissjóðs. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist